



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
Skógarbraut 945
235 Reykjanesbæ



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. september 2016
UST201608-130/A.B.B.
08.25.00

Vegna erindis um niðurrif skipa

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, dags. 23. ágúst sl., og fundar með Umhverfisstofnun og fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 14. september sl. þar sem óskað var eftir álitni stofnunarinnar um aðstæður við niðurrif skipa.

Niðurrif og viðhald skipa er starfsleyfis skyld starfsemi sbr. lið 9.14 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfisútgáfa er hjá heilbrigðisnefndum.

Þar sem starfssemin fellur ekki undir sérstakan kafla í fylgiskjalinu um tímabundinn atvinnurekstur telur Umhverfisstofnun að starfsleyfi verði að jafnaði að vera gefin út á tiltekna aðstöðu þar sem starfsemin fer fram, en dæmi eru um að starfsleyfi hafi verið gefin út fyrir niðurrif tiltekinna skipa. Stofnunin telur að slíkt eigi eingöngu við sé um að ræða einhvers konar neyðarsjónarmið.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 skal fylgja umsókn um starfsleyfi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda;

- a. Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði 3. gr. reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Um tryggingar fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.
- b. Áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar, byggða á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Því er nauðsynlegt að við útgáfu starfsleyfis til niðurrifs skipa sé gætt að því að tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun séu til staðar.

Þá skal getið að starfsemi um niðurrif skipa (endurnýting úrgangs meira en 500 tonn á ári) er tilkynningarskyld starfsemi til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum.

Varðandi meðhöndlun spilliefna við starfsemi um niðurrif skipa telur Umhverfisstofnun, í samræmi við kröfur eru gerðar til annars mengandi atvinnureksturs, að rétt sé að gera þá kröfu að við niðurrif

skipa verði að vera olfuhelt undirlag og olíuskilja, þar sem spilliefni komist ekki í snertingu við sjó eða blandist í jarðveg.

Starfsleyfisútgáfa fyrir niðurrif skipa heyrir undir heilbrigðisnefndir. Hér er um að ræða álit Umhverfisstofnunar varðandi tiltekin atriði við útgáfu starfsleyfa vegna viðhalds og niðurrifs á skipum.



Agnar Bragi Bragason
lögfræðingur

Virðingarfyllst



Sigurður Ingason
sérfræðingur

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, Heilbrigðisnefnd Vesturlands, Heilbrigðisnefnd Vestfjarða, Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra, Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, Heilbrigðisnefnd Austurlands, Heilbrigðisnefnd Suðurlands, Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis.